



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Fundargerð - Opnun tilboða

Fundur haldinn í Árnesi mánudaginn 13. október 2025, kl 10:00.

Útboð vegna verksins íþróttamiðstöð í Árnesi, „Loftræsting“ birt til auglýsingar þann 26. september 2025 á vefsíðu sveitarfélagsins og útboðsvef, sameiginlegs auglýsingavettvangs opinberra innkaupa. Útboðsgögn voru afhent á rafrænu formi frá og með föstudeginum 26. september 2025.

Verkið felur í sér að fullgera loftræsikerfi íþróttamiðstöðvar í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Einnig skal verktaki leggja til allan stjórnbúnað og sjá um að tengja allan stjórnbúnað loftræsingar og loftmagnstillta öll kerfi. Stöðlum og reglugerðum er varða loftræsilagnir skal fylgt í öllum atriðum ásamt kröfum mannvirkjastofnunnar er varða brunavarnir.

Skilafrestur tilboða var til kl 10:00 hinn 13. október 2025 og barst 1 tilboð í verkið.

Engar athugasemdir voru við útboðsgögn eða útboðið.

Viðstödd opnun tilboða voru:

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sýlvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Þröstur Hafsteinsson, f.h. ÞH Blikk ehf.

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið: **Loftræsting:**

ÞH Blikk ehf., kt. 580196-3149

71.237.440 kr. m. vsk.

Kostnaðaráætlun verksins nam 78.000.000 kr. m. vsk.

Tilboðin verða yfirfarin og lögð fram fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15. október nk.

Fundi slitið kl 10:15.

Fundargerð undirrituð af viðstöddum